

**BÍLALEIGA
AKUREYRAR**
— Höldur —

Europcar

Pínar þarfir - okkar þjónusta



Leiðbeiningar fyrir verktaka
og þjónustuaðila



www.holdur.is

Inngangur

Höldur ehf - Bílaleiga Akureyrar leggur mikla áherslu á gæða, - umhverfis-og öryggismál í rekstri sínum. Fyrirtækið starfar samkvæmt gæðastjórnunarstaðlinum ISO 9001 og umhverfisstjórnunarstaðlinum ISO 14001 en vottun fékk fyrirtækið þann 13. Janúar 2010. Í skjalinu eru settar fram leiðbeiningar og þær kröfur sem gerðar eru til verktaka og annarra þjónustuaðila hvað varðar umhverfis-og öryggismál.

Umhverfisstefna

Okkur hjá Bílaleigu Akureyrar er mikilvægt að starfsemi fyrirtækisins sé í sátt við samfélagið og umhverfið í heild. Við vinnum því að stöðugum umbótum í umhverfismálum til að lágmarka umhverfisáhrif af rekstri fyrirtækisins.

Bílaleiga Akureyrar stuðlar að aukinni umhverfisvitund starfsmanna og leggur áherslu á ábyrga nýtingu auðlinda og lágmarkun úrgangs og losun gróðurhúsalofttegunda.

Bílaleiga Akureyrar ætlar að:

- Tryggja að starfsfólk hljóti þjálfun og sé upplýst um umhverfisþætti fyrirtækisins og að alltaf sé farið að lögum og reglugerðum um umhverfismál.
- Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá bílaflota fyrirtækisins.
- Flokka þann úrgang sem til fellur hjá fyrirtækinu og virkja starfsfólk til betri nýtingar hráefna og endurnotkunnar sé þess kostur.
- Vinna að vöktun umhverfisþátta fyrirtækisins.
- Upplýsa viðskiptavini sína um orkusparandi akstur og umgengni við náttúru landsins.
- Halda grænt bókhald og gefa árlega út umhverfisskýrslu til að upplýsa almenning um stöðu umhverfismála hjá fyrirtækinu.
- Styðja landgræðsluverkefni á Íslandi.

Kröfur til verktaka og þjónustuaðila

Gæða, - umhverfis-og öryggisstjóri eða stöðvarstjóri á starfsstöð er tengiliður verktaka hvað varðar umhverfis-og öryggismál og sjá þeir um að upplýsa verktaka. Þessir aðilar geta veitt verktökum frekari upplýsingar um flokkun sorps, neyðar-og viðbragðsáætlun, þ.m.t. viðbrögð við umhverfisóhappi auk upplýsinga um öryggisvörð á hverjum stað.

Ætlast er til að verktakar fari ávallt að þeim lögum og reglugerðum sem varðar öryggi og heilbrigði á vinnustað. Sérstaklega skal bent á að þær leiðbeininga og kröfur sem hér koma fram eru ekki tæmandi fyrir ábyrgð og skyldur verktaka og færa ekki ábyrgð umhverfis-og öryggismála frá verktaka yfir á Bílaleigu Akureyrar undir nokkrum kringumstæðum.

Fyrirtækið beinir þeim tilmælum til verktaka og þjónustuaðila að leggja áherslu á ábyrga nýtingu auðlinda og lágmarkun úrgangs og losun gróðurhúsalofttegunda.

Tilkynning umhverfis- eða öryggisatvika

Verktaki/þjónustuaðili skal að tilkynna Gæða,- umhverfis-og öryggisstjóra , öryggisverði eða yfirmanni á viðkomandi starfsstöð um óhöpp, slys, tjón eða umhverfisóhöpp sem verða á starfsstöðvum fyrirtækisins burtséð frá alvarleika.

Verði umhverfisóhapp þarf verktaki/þjónustuaðili að stöðva upptök mengunar og koma í veg fyrir að mengun berist út í umhverfið eða frárennsli sveitarfélaga. Ef umhverfisskaði ef af þeirri stærðargráðu að ekki takist að hreinsa mengun strax þarf að hringja í Neyðarlínuna 112 án tafar.

Verktaki/þjónustuaðili skal tryggja frágang á framkvæmdasvæði í samræmi við þessar leiðbeiningar og ganga vel um starfsstöðvar fyrirtækisins.

Flokkun úrgangs

Verktakar/þjónustuaðilar eru hvattir til endurnýtingar hráefnis eins og kostur er en Bílaleiga Akureyrar gerir kröfur um flokkun úrgangs á starfsstöðvum sínum. Mikil áhersla er lögð á að spilliefnum sé haldið aðskildum frá öðrum úrgangi og þau flokkuð í spilliefnakör sem staðett eru á hverri starfsstöð. Gæða,-umhverfis-og öryggisstjóri og yfirmenn starfsstöðva veita upplýsingar um flokkun sorps. Teikningar af ílátum liggja fyrir á hverri starfsstöð. Flokka skal grófan úrgang frá framkvæmdum eins og kostur er.

Neyðar og viðbragðsáætlun

Verktakar skulu kynna sér neyðar og viðbragðsáætlun Bílaleigu Akureyrar en Gæða, - umhverfis-og öryggisstjóri auk yfirmanna starfsstöðva veita upplýsingar um Neyðar og viðbragðsáætlun. Þar er meðal annars tekið á viðbrögðum varðandi umhverfisóhöpp. Einnig þurfa verktakar að kynna sér öryggisteikningar starfsstöðvar þar sem hægt er að kynna sér staðsetningu slökkvitækja og sjúkrakassa auk flóttaleiða.

Um efnanotkun og meðhöndlun eiturefna

Öryggisblöð þurfa ávallt að vera til staðar ef notuð er efnavara sem flokkast undir hættuleg efni. Verktakar/þjónustuaðilar skulu hafa tilskilin leyfi samkvæmt lögum og reglugerðum um kaup og notkun eiturefna og hættulegra efna.

Forðast skal að nota eftirtalin efni ef önnur og hættuminni efni koma að sömu notum.

GHS08 - Alvarlegur heilsuskaði.



GHS05 - Ætandi.



GHS09 - Skaðlegt umhverfinu.



Sérstakt leyfi þarf að liggja fyrir hjá framkvæmdastjóra eða Gæða, -umhverfis-og öryggisstjóra ef notuð eru efni sem bera eftirfarandi merkingar og ekki má selja á almennum markaði.

GHS06. Bráð eituráhrif.



GHS01. Sprengifimt.



Ávallt skal nota hlífðargleraugu og annan viðeigandi hlífðarbúnað í samræmi við upplýsingar á öryggisblöðum og tryggja þarf góða loftræstingu við notkun efna.

Ekki er heimilt að hella efnum í niðurföll nema upplýsingar um annað liggi fyrir á öryggisblaði viðkomandi efnis. Öllum afgangum og tómum ílátum skal annað hvort skila til Efnamóttökunnar eða annara viðurkenndra móttökuaðila, eða þeim komið fyrir í spilliefnakörum sem staðsett eru á starfsstöð. Upplýsingar um staðsetningu spilliefnakara má nálgast hjá Gæða, umhverfis,-og öryggisstjóra auk þess sem teikningar liggja frammi á starfsstöðvum.